

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8–10  
101 Reykjavík



Reykjavík 28. apríl 2020

**Efni: 728. Mál. Frumvarp til laga um Matvælasjóð.**

21. apríl 2020 lagði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla. Samkvæmt almennum athugsemdum frumvarpsins var því ætlað að einfalda regluverk um innlenda matvælaframleiðslu og stuðla að samræmdara og skilvirkara eftirlitskerfi. Meginmarkmið frumvarpsins er aukið matvælaöryggi og neytendavernd. Að hluta til snýr frumvarpið að stofnun Matvælasjóðs til að styrkja verðmætasköpun, vinnslu og markaðssetningu matvæla í landbúnaði og sjávarútvegi. Með stofnun Matvælasjóðs á að sameina Framleiðnisjóð Landbúnaðarins og AVS-rannsóknarsjóð og samtímis fella úr gildi lög um Framleiðnisjóð, nr. 89/1966. Sá hluti frumvarpsins sem snéri að Matvælasjóð í fyrra frumvarpi er nánast óbreyttur en það sem vekur athygli; er að frumvarpið eins og það er lagt fram nú er hluti af aðgerðarpakka ríkisstjórnar í efnahagsmálum vegna COVID-19. Það vekur líka athygli og verður að teljast óvenjulegt að frumvarp sem ekki fékk stuðning í lok árs 2019 sé nú orðið eitt hluti af megin aðgerðum ríkisstjórnar í efnahagslegri viðspyrnu vegna Covid-19, nema nýta eigi sér óvenjulegar aðstæður í samfélaginu til að fá frumvarpið samþykkt.

Frumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og af því tilefni vilja samtökin koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Í frumvarpinu er lagt til að settur verði á fót nýr sjóður, Matvælasjóður, sem á að styrkja verðmætasköpun við framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu matvæla í landbúnaði og sjávarútvegi. Við það tilefni er m.a. lagt til að Framleiðnisjóður landbúnaðarins verði lagður niður. Í því samhengi vilja SAF vekja sérstaka athygli á þeirri áherslubreytingu sem þar með verður í opinberum styrkveitingum.

Samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslum Framleiðnisjóðs landbúnaðarins námu styrkveitingar til ferðaþjónustuverkefna í dreifbýli rúmlega 531 millj. kr. árin 2002–2018 eða að meðaltali 22% af heildarstyrkveitingum tímabilsins. Hlutfall styrkja til ferðaþjónustuverkefna hafa sveiflast nokkuð á tímabilinu og voru t.d. 6% af heildarstyrkveitingum árið 2013 en 43% árið 2012.

Ástæða þessara styrkveitinga er sú að sjóðurinn hefur veitt styrki til atvinnunýsköpunar sem bændur á lögbýlum standa fyrir í staðinn fyrir eða til viðbótar framleiðslu í hefðbundnum búgreinum. Í því samhengi hafa verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni notið forgangs. Er það eðlilegt þar sem ætla má að slík verkefni geti reynst erfitt að fjármagna í gegnum hefðbundna fjárfestingu eða hjá lánastofnunum. Án tilvistar styrkjanna hefðu mörg þeirra verkefna sem hlutu styrk ekki orðið að veruleika. SAF benda á að þess eru fjölmörg dæmi í byggðum landsins að rekstrarforsendur í matvælaframleiðslu bresti. Færa má sterk rök fyrir því að styrkir úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins, til atvinnunýsköpunar í ferðaþjónustu og þar með fjölgun atvinnutækifæra í sveitum landsins, hafi rennt stoðum undir áframhaldandi búskap og landnýtingu á býlum þar sem búseta og starfsemi hefði ella lagst af.


Vaxandi möguleikar til að samtvinna nýsköpun og blandaða starfsemi í búrekstri hafa þannig styrkt byggð í dreifbýli. Samtökin leggja þunga áherslu á að styrkveitingar til atvinnusköpunar í dreifbýli leggjast ekki af með fyrirhugaðri breytingu enda gengi slíkt gegn markmiðum um aukið matvælaöryggi. Hafa ber í huga að samlegðaráhrif innlendar matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu eru vel þekkt. Víða um heim eykst ferðamannaeftirspurn eftir upplifunum er tengjast matarmenningu og uppruna matvæla í héraði. Mörg þeirra verkefna sem hlotið hafa styrki úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins hafa með einum eða öðrum hætti lagt áherslu á slíka upplifun með ágætum árangri, ber þar að nefna Geitasetrið Háafelli og Efsta-dal.

Að mati SAF er verulega hætt við að niðurlagning styrkveitinga sem ferðaþjónustuverkefni hafa notið í gegnum Framleiðnisjóð landbúnaðarins muni koma illa niður á ferðaþjónustu á Íslandi, sérstaklega ferðaþjónustubændum og bændum sem haft gætu hag af ferðaþjónusturekstri samhliða matvælaframleiðslu. Hafa ber í huga að fram að Covid-19 faraldrinum var ferðaþjónustan umfangsmesti útflutningsatvinnuvegur landsins og má telja líklegt að svo verði áfram eftir að sú samfélagsógn sem nú steðjar að verði yfirstaðin.


Í kjölfar þeirra áfalla sem dunið hafa á ferðaþjónustu undanfarin misseri þarf ferðaþjónustan ekki á því að halda að dregið verði úr opinberum stuðningi enda ljóst að helsta verkefnið framundan er að treysta alþjóðlega samkeppnisstöðu greinarinnar. Í því samhengi hafa SAF m.a. bent á að framlög til greinarinnar eru afar takmörkuð samanborið við framlög til annarra útflutningsatvinnugreina.

Af þessu tilefni leyfa SAF sér að taka hér upp tvær skýringarmyndir sem komu fram í umsögn SAF um fjárlagafrumvarp ársins 2020. Á mynd 1 má sjá að útgjöld hins opinbera til málaflokks ferðaþjónustu eru mjög lág í samanburði við útgjöld til landbúnaðar, sjávarútvegs- og fiskeldis og orkumála. Á henni má einnig sjá að á meðan útgjöld til annarrar greina aukast milli ára dragast útgjöld til ferðaþjónustu saman. Á mynd 2 má sjá að ferðaþjónustan nýtur minnstrar hlutdeildar í útgjöldum til þessara málaflokka og að hlutdeildin minnkar mest í prósentustigum milli ára.

**Mynd 1:** Útgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir málefnasviðum atvinnuvega.



**Mynd 2:** Útgjöld A-hluta ríkissjóðs til atvinnuvega eftir málefnasviðum, innbyrðis hlutdeild.



SAF mótmæla því harðlega ef styrkveitingar til ferðaþjónustuverkefna í dreifbýli verða skornar niður með þeim hætti sem endurspeglast í áformum um niðurlagningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins samhliða stofnsetningu Matvælasjóðs. Samtökin áréttu að ef um slíka breytingu verður að ræða mun hún koma afar illa niður á tækifærum bænda til atvinnu- og nýsköpunar og draga úr tækifærum til styrkingar matvælaframleiðslu á lögbýlum sem horfa fram á dvínandi rekstrarforsendur og að nær væri að auka fjárveitingar til Framleiðnisjóðs á næstu 3 árum til að styðja við áframhaldandi atvinnusköpun og uppbyggingu í byggðum landsins á þessum erfiðu tímum. Hinn nýi Matvælasjóður þarf að rúma áfram það hlutverk sem Framleiðnisjóðurinn gegndi áður. SAF óskar þess að haft verið samráð við samtökin um stefnumótun sjóðsins á síðari stigum. Eigi breytingin að verða að veruleika telja samtökin algerlega nauðsynlegt að samfara verði sambærilegum styrkveitingum til ferðaþjónustuverkefna í dreifbýli fundin nýr staður og ný tilvist s.s. í atvinnuþróunarsjóð ferðaþjónustu. Að öðrum kosti hafna SAF alfarið þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



*Jóhannes Þór Skúlason*

*framkvæmdastjóri*